

Ed.

588. Tillaga

til þingsályktunar um skipun millipinganevndar í tolla- og skattalöggjöf landsins.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Alþingi ályktar að skipa með hlutfallskosningu í sameinuðu þingi þriggja manna millipinganevnd til að athuga tolla- og skattalöggjöfina og gera tillögur um, hvernig henni megi best haga, svo að hún sje í einu sem einföldust, rjettlátust og hagnýtust, og gefi þó nægar tekjur, sem á eðlilegan og auðveldan hátt geti lagað sig eftir útgjaldapörfinni.

Nánar til tekið skal verkefni nefndarinnar vera þetta :

- a. Að athuga leiðir til að fækka tollvörum og tolla mestpart hinar ónauðsynlegri vörur, svo að tolla- og skattakerfið verði sem óbrotast og umsvifaminst og tollheimtan sem ódýrust.
- b. Að athuga, að hve miklu leyti er rjettmætt að fullnægja tekjuþörfinni með

tollum og að hve miklu leyti með sköttum, með tilliti til þess, að þeir komi þó sem rjettlátast niður eftir gjaldþoli,

- c. Að athuga, hvernig tollum og sköttum megi svo best fyrir koma, að þeir verki sem minst lamandi á einstaklings- og þjóðarhaginn, en efli og styðji innlenda framleiðslu í samkepninni við erlenda.
 - d. Að athuga, hvort ekki megi afla ríkissjóði tekna án þess að íþyngja gjaldþegnum, svo sem með einkasölu á nokkrum hátolluðum vörum, eða öðrum þeim vörum, sem hentugar eru til einkasölu, eða á annan hátt.
 - e. Að rannsaka, hvort rjettlátlega er skift útgjöldum til opinberra þarfa á milli ríkisins og sveitarfélaganna, með tilliti til tekjustofna og einnig með tilliti til þess, að gjaldþoli þegnanna sje ekki — vegna almennra opinberra útgjalda — um of misjafnlega íþyngt í binum innri fjelagsheildum.
- Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Síðan heildarlög voru sett um tolla- og skattamál vor, hafa orðið á þeim tíðar og skipulagslittlar breytingar. Er skipun þeirra mála nú komin svo á ringulreið, að lítt er viðunandi. Reynt var á síðasta þingi að hrinda til vegar undirbúningi þess, að rjetting væri á þessu gerð, með því að skipa millipinganefnd til undirbúnings því. En sú tilraun náði ekki meiriblutfylgi þingsins. Að afstöðnum almennum kosningum og breyttri skipun þingfulltrúa má ætla, að afstaða til þessarar tillögu verði önnur nú. Að efni til er tillagan óbreytt, en breytt er til um tilhögum á því, hvernig nefndin verði skipuð.